

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

71. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 16. febrúar 2023

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mætt eru:** Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Birgitta Rún Birgisdóttir, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S. Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

Helga Jóhanna Oddsdóttir boðaði forföll.

### Fundargerð

#### Formaður setur fundinn.

- Staða fjármála.
  - Rekstur samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Framlenging á samningi við Sjúkratryggingar Íslands um sjúkraflutninga til 31.maí 2023.
  - Samningurinn hefur verið framlengdur um fimm mánuði og koma launahækkningar samkvæmt vísitölu sem samningurinn byggir á.
  - Framlenging á samningi lögð fyrir stjórn. **Samþykktur**
- Endurnýjun á samningi við LHG.
  - Samningurinn við Landhelgisgæsluna Íslands hefur verið endurnýjaður með þeim vísitöluhækkunum sem hann byggir á og hækkar sem því nemur.
  - Framlenging á samningi lögð fyrir stjórn. **Samþykktur**
- Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### **Áhrif verkfalls Eflingar:**

Áhrif verkfalls Eflingar getur mögulega haft miklar og alvarlegar afleiðingar í för með sér, t.d ef snjóruðningstæki og hálkueyðing leggst af.

BS sótti um undanþágu fyrir starfsemi BS og fengum við póst frá undanþágunefnd Eflingar um að okkar umsókn hafi verið samþykkt, það ætti þá að vera tryggt að okkar viðbragð verður óskert, en ef aðrir aðilar sem sinna grunnþjónustu eins og sveitarfélögin gera, getur það haft áhrif á okkar viðbragð og aukið álag.

Við höfum verið í sambandi við starfsmann Olís um afgreiðslu eldsneytis til okkar.

## 5. Sýndarveruleikabúnaður:

BS hefur fest kaup á sýndarveruleikabúnaði til æfinga sem við höfum rætt um á stjórnarfundum og mun hann vera kominn til okkar í þessum mánuði.

Þessi búnaður er stórt skref í þjálfunarmálum slökkviliðsmanna og slökkvitækjakennslu fyrir almenning, þar sem æfingar fara fram við bestu aðstæður.

## 6. Ársfundur FSÍ:

Helgina 24.-26. mars verður ársfundur Félags slökkviliðsstjóra á Íslandi haldinn á Courtyard By Marriot.

Fundurinn verður haldinn í okkar boði og sér Sigurður að mestu um skipulagningu hans.

## 7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

**Fundi slitið kl. 17:00**